

**SMG Services**  
**Alþjóðleg persónuverndarstefna**

Gildistökudagur: Mars 2018

Þessi persónuverndarstefna á við vinnslu SMG á persónuupplýsingum sem safnaðar eru í gegnum þetta vefsvæði og önnur vefsvæði, þjónustur og forrit, þar á meðal farsímaforrit, þar sem þessi persónuverndarstefna er birt, tengd eða vísað til (sameiginlega „**SMG þjónusta**“). „Persónuupplýsingar“ eru upplýsingar sem tengjast persónugreindum eða persónugreinanlegum einstaklingi. SMG Services er í eigu og/eða rekin af Service Management Group, LLC, Service Management Group Limited, Service Management Group GK og viðeigandi hlutdeildarfélögum þeirra (sameiginlega „**SMG**“, „við“ eða „okkar“). Þessi persónuverndarstefna fjallar um hvernig við söfnum og vinnum úr persónuupplýsingum þínum.

**KYNNTU ÞÉR ÞESSA PERSÓNUVERNDARSTEFNU VANDLEGA.** Persónuupplýsingum þínum verður safnað og unnið úr eins og lýst er í þessari persónuverndarstefnu.

Ef þú hefur ekki gert slíkt nú þegar þá skaltu kynna þér þjónustuskilmála SMG sem lýsa þeim skilmálum sem stýra notkun okkar á vefsvæðum okkar, forritum, þjónustum og farsímaforritum („SMG Services“).

**EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI ALLA HLUTA ÞESSARAR PERSÓNUVERNDARSTEFNU EÐA ÞJÓNUSTUSKILMÁLA ÞÁ SKALTU EKKI NOTA NEINA HLUTA SMG SERVICES.**

- 1. BREYTINGAR Á PERSÓNUVERNDARSTEFNU**
- 2. FLOKKAR PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM SMG VINNUR ÚR**
- 3. HVERNIG VIÐ SÖFNUM UPPLÝSINGUM OG MARKMIÐ ÚRVINNSLUNAR**
- 4. LAGALEGAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÚRVINNSLUN**
- 5. HVERNIG VIÐ NOTUM OG DEILUM PERSÓNUUPPLÝSINGUM**
- 6. VARÐVEISLA OG FÖRGUN PERSÓNUUPPLÝSINGA**
- 7. RÉTTUR ÞINN OG VAL VARÐANDI VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA**
- 8. AFLEIÐINGAR ÞESS AÐ VEITA EKKI PERSÓNUUPPLÝSINGAR**
- 9. STEFNA UM KÖKUR**
- 10. UMSJÓN MEÐ REIKNINGSUPPLÝSINGUM ÞÍNUM**
- 11. PERSÓNUVERND BARNNA**
- 12. TENGLAR FYRIR ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA**
- 13. UPPLÝSINGAÖRYGGI**
- 14. LANDFRÆÐILEG ÍHUGUNAREFNI OG FLUTNINGUR PERSÓNUUPPLÝSINGA YFIR LANDAMÆRI**
- 15. HVERNIG Hafa Má Samband**
- 16. GAGNASTJÓRI OG GAGNAVERNDARFULLTRÚI**

**1. BREYTINGAR Á ÞESSARI PERSÓNUVERNDARSTEFNU**

Við munum uppfæra þessa persónuverndarstefnu öðru hverju þegar við gerum breytingar sem hafa áhrif á hana, til dæmis þegar nýrri þjónusta er bætt við, þjónusta okkar er bætt og þegar tekist er á við breytingar í tækni og lögum. Gildistökudagur þessarar persónuverndarstefnu sem er lýst efst á þessari vefsíðu, endurspeglar þá dagsetningu sem persónuverndarstefnan var síðast uppfærð. SMG mun veita þér fyrirvara ef þessar breytingar eru mikilvægar og ef nauðsynlegt er samkvæmt gildandi lögum munum við fá samþykki frá þér. Þessi fyrirvari verður veittur með því að birta fyrirvara um þessar breytingar á vefsvæði okkar eða í gegnum forrit okkar.

**2. FLOKKAR PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM SMG VINNUR ÚR**

SMG framkvæmir markaðsrannsóknir fyrir hönd fyrirtækja sem vilja öðlast betri skilning á neytendavenjum varðandi vörur og þjónustu. Þessi fyrirtæki eru okkar „**viðskiptavinir**.“ Við framkvæmum kannanir fyrir hönd viðskiptavina okkar (sameiginlega „**kannanir**“) og notum upplýsingarnar til að fá innsýn í venjur neytenda, til dæmis hvar, hvenær og hve oft neytendur heimsækja smásölustaði og upplifun þeirra á meðan heimsókn varir. Við söfnum persónuupplýsingum sem okkur eru veittar af fúsum og frjálsum vilja þegar þú tekur könnun eða notar SMG Services.

Persónuupplýsingarnar sem við söfnum fela í sér: (1) Samskiptaupplýsingar (til dæmis netfang, símanúmer og vinnuveitandi), (2) lýðfræðileg gögn (til dæmis kyn, fæðingardag og póstnúmer), (3) svör þín í könnunum að því marki sem upplýsingarnar tilgreina þig eða eru tengdar þér sem persónugreinanlegum einstaklingi og (4) upplýsingar í tengslum við notkun þína á SMG Services („notkunargögn“).

Notkunargögn sem við söfnum fela í sér: (1) IP-tala, (2) lénsþjónn, (3) tegund tækis/tækja notað/notuð til að fá aðgang að þjónustunni, (4) tölfræðigögn og upplýsingar í tengslum við samskipti á milli vafra þíns og tækis, til dæmis tegund tækis, farsímafyrirtæki/net, upplýsingar um rafhlöðuendingu til að hámarka staðsetningarupplýsingar og grunnnotkunarupplýsingar varðandi tækið þitt, (5) GPS-upplýsingar eða aðrar landfræðilegar staðsetningarupplýsingar í rauntíma þegar þú heimilast okkur að taka á móti upplýsingum í gegnum staðsetningarstillingar (eða álíka) tækis þíns, (6) tilvísunarsíða eða önnur uppspretta sem þú notar til að fara inn á þjónustuna. Þegar þú fyllir kannanir út á netinu söfnum við mörgum einkvæmum eigindum um tækið þitt með það að markmiði að greina og hindra svik.

### 3. HVERNIG VIÐ SÖFNUM UPPLÝSINGUM OG MARKMIÐ ÚRVINNSLUNAR

Við söfnum og vinnum úr upplýsingum sem þú veitir okkur og í gegnum notkun þína á SMG Services. Upplýsingarnar sem við söfnum og hvernig við vinnum þær veltur á hvernig þú færð aðgang að og notar SMG Services.

**Frá þér.** Við söfnum upplýsingum frá þér þegar þú:

- **Útfylling könnunar:** Við söfnum upplýsingum sem þú sendir við svörun á könnun varðandi neytendaupplifun og -venjur. Við kunnum einnig að sameina upplýsingar úr svörun við könnun við upplýsingar sem við fáum frá viðskiptavinum okkar, til dæmis upplýsingum um þátttöku þína í tryggðarkerfum viðskiptavina okkar, til að öðlast meiri skilning á neytendaupplifunum þínum. Við kunnum einnig að sameina upplýsingar úr svörun við könnun við upplýsingar sem fengnar eru í svörun við könnun frá öðrum notendum til að öðlast meiri skilning á neytendaupplifunum í heild sinni. Þegar þú lýkur við könnun verða upplýsingarnar sem þú ákveður að veita okkur notaðar í skýrslum og öðrum greiningum á neytendaupplifunum og -venjum fyrir viðskiptavinum okkar eða í öðru skyni sem við útskýrum fyrir þér á þeim tíma sem upplýsingunum er safnað. Ef þú vilt ekki að upplýsingarnar þínar séu notaðar í skýrslum, greiningum eða á annan hátt eins og útskýrt er fyrir þér getur þú valið að klára ekki útfyllingu könnunar.
- **Notkun SMG Services.** Við söfnum sjálfkrafa notkunargögnum þegar þú átt samskipti við SMG Services með notkun á kökum og öðrum gagnasöfnunarverkfærum. Við notum þessi notkunargögn til að greiða fyrir samskipti á milli tækis þíns og kerfis okkar, afhenda kannanir, tryggja heilleika könnunar, greina og hindra svik, framkvæma markaðsrannsóknir, stjórna og bæta vefsvæði okkar og forrit og greina notkun á og bæta SMG Services. Kynntu þér hlutann „Stefna um kökur“ í þessari persónuverndarstefnu til að fá frekari upplýsingar um hvernig og af hverju við notum kökur og samsvarandi gagnasöfnunarverkfæri.

- **Sendir persónuupplýsingar þínar á meðan þú notar SMG Services:** Þegar þú sendir persónuupplýsingar þínar í tengslum við notkun á SMG Services til dæmis þegar haft er samband til að fá aðstoð eða upplýsingar, eða veita athugasemdir varðandi upplifun þína hvað varðar einn af viðskiptavinum okkar, söfnum við og greinum upplýsingarnar sem þú sendir. Þegar þú veitir SMG athugasemdir hafa upplýsingarnar áhrif á þá þjónustu sem við veitum viðskiptavinum okkar og okkar markaðsrannsókn í heild sinni. Athugasemdir þínar kunna að vera birtar á [TrumpetRatings.com](http://TrumpetRatings.com) og/eða á vefsvæðum viðskiptavinar okkar, með samþykki þínu. Þegar slíkar upplýsingar eru birtar á opinberum vettvangi, til dæmis á [TrumpetRatings.com](http://TrumpetRatings.com) eða öðrum vefsvæðum sem eru aðgengileg almenningi verða slíkar upplýsingar að upplýsingum til almennings. Þriðji aðili kann að sjá og/eða safna því sem þú hefur skrifað og það kann að vera notað af öðrum á þann hátt sem við höfum enga stjórn á eða getum séð fyrir.
- **Aðgangur að SMG Services í gegnum skilríki samfélagsmiðla:** SMG kann að bjóða þér tækifæri á að nota þjónustu samfélagsmiðla (sameiginlega „**samfélagsmiðlar**“) til að fá aðgang að ákveðnum hluta SMG Services. Þegar þú velur að fá aðgang að SMG Services í gegnum innskráningarskilríki samfélagsmiðla kann SMG, háð persónuverndarstillingum þínum, hafa aðgang að upplýsingum sem þú hefur veitt verkvangi samfélagsmiðils, til dæmis nafni þínu, netfangi, notandamynd, færslum, athugasemdum og öðrum upplýsingum sem tengdar eru reikningi samfélagsmiðils þíns. Við kunnum að nota þessar upplýsingar í því skyni sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu og í því viðbótarskyni sem útskýrt er fyrir þér á þeim tíma sem upplýsingum er safnað. Ef þú vilt ekki að samfélagsmiðlaupplýsingum þínum sé deilt með SMG af veitanda samfélagsmiðils ættir þú ekki að nota reikninga samfélagsmiðils til að fá aðgang að SMG Services.

**Frá viðskiptavinum okkar.** Viðskiptavinir okkar kunna að senda okkur upplýsingar um samskipti þín við vörumerki þeirra, vörur og þjónustu, sem getur falið í sér upplýsingar í tengslum við tryggðakerfi sem þú ert skráð/ur í og upplýsingar um viðskipti þín við viðskiptavini okkar. Þetta á við ákveðnar vörur okkar og þjónustu. Við kunnum að sameina þessar upplýsingar við aðrar upplýsingar sem við söfnum til að bæta markaðsrannsóknina sem við framkvæmum og þjónustuna sem við veitum viðskiptavinum okkar.

#### 4. LAGALEGAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÚRVINNSLUN

- 4.1. Við vinnum úr samskiptaupplýsingum þínum, lýðfræðilegum gögnum og svörum í könnunum þegar þú fyllir út könnun eða notar SMG Services. Við vinnum úr slíkum persónuupplýsingum út frá lögmætum hagsmunum viðskiptavina okkar til að fá endurgjöf frá viðskiptavinum þeirra svo hægt sé að bæta vörur þeirra og þjónustu til hagsbótar fyrir viðskiptavini þeirra og fyrirtæki, og sem byggist á lögmætum hagsmunum SMG við að bæta vörur, þjónustu og markaðsrannsókn SMG og til að bregðast við beiðnum notenda um aðstoð eða upplýsingar.
- 4.2. Við vinnum úr notkunargögnum þínum þegar þú fyllir út könnun eða notar SMG Services. Við vinnum úr þessum notkunargögnum út frá vali þínu um að halda áfram með könnunina, staðfestingu þinni á notkun SMG á kökum og annarri gagnasöfnunartækni. Þú getur afturkallað samþykki mitt með því að hafa samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com) eða skrifleiðis á heimilisfangið Data Protection Officer, Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108.
- 4.3. Við kunnum einnig að vinna úr upplýsingum sem þú hefur veitt á verkvöngum samfélagsmiðla, háð persónuverndarstillingum þínum þegar þú notar þjónustu samfélagsmiðla ásamt þjónustu SMG. Við vinnum úr slíkum upplýsingum í samræmi

við samþykki þitt sem þú veitir í persónuverndarstillingum þínum í þjónustu samfélagsmiðla. Þú getur afturkallað samþykki þitt með því að breyta persónuverndarstillingum þínum þannig að þær heimili ekki lengur aðgang að upplýsingum þínum á samfélagsmiðlum.

- 4.4. Við vinnum úr upplýsingum sem móttækjar eru frá viðskiptavinum okkar varðandi samskipti þín með vörumerki þeirra, vörur og þjónustu. Við vinnum úr slíkum upplýsingum í samræmi við lögmæta hagsmuni SMG og viðskiptavina SMG, þar á meðal til að bæta vörur og þjónustu SMG og viðskiptavina okkar og bæta markaðsrannsóknir SMG.

## 5. HVERNIG VIÐ NOTUM OG DEILUM PERSÓNUUPPLÝSINGUM

Það hvernig við notum og deilum þeim upplýsingum sem við söfnum eða þú veitir okkur ræðst af notkun þinni og aðgangi að SMG Services. Ef nauðsynlegt er lögum samkvæmt uppfyllir SMG beiðni þína um að hætta að veita persónuupplýsingar til þriðja aðila.

- **Samskipti við þig.** Persónuupplýsingar þínar verða notaðar, eins og þörf krefur, til að hafa umsjón með sambandi okkar og samskiptum við þig með pósti, í síma, tölvupósti, tilkynningum í fartæki og textaskilaboðum. SMG mun ekki hafa samband við svaranda könnunar nema til að staðfesta heilleika könnunar, til að afhenda kannanir, til að veita umbun eða áunnin fríðindi því könnun var útfyllt eða til að veita þjónustu við viðskiptavini. Þetta á við nema svarandi könnunar óski eftir samskiptum. Þó að SMG noti ekki persónuupplýsingar þínar í beinu markaðsskyni ættir þú að kynna þér persónuverndarstefnu þess viðskiptavinar sem þú safnar persónuupplýsingum fyrir til að ákvarða hvort slíkur viðskiptavinur geri slíkt. Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með þjónustuveitendum sem aðstoða okkur við að hafa umsjón á sambandi okkar við þig.
- **Framkvæma þjónustu sem þú óskar eftir.** Við kunnum að nota og deila persónuupplýsingum þínum til að framkvæma þá þjónustu sem þú óskar eftir eða aðgerðir sem þú hefur, til dæmis þegar þú birtir upplýsingar eða efni á skilaboðatöflum, umræðusvæðum eða á síðum samfélagsmiðla þinna. Þegar þú veitir okkur samþykki kunnum við að birta persónuupplýsingar þínar til að auðkenna þig fyrir þann sem þú átt í samskiptum við í gegnum SMG Services. Við kunnum einnig að nota og deila persónuupplýsingum þínum með þriðja aðila til að veita umbun eða uppfylla fríðindi sem þú hefur óskað eftir eða áunnið þér við útfyllingu kannana. Ef þú velur að taka þátt í happdrætti eða annarri kynningarstarfsemi sendum við upplýsingar þínar til umsjónaraðila þriðja aðila fyrir þær kynningar svo að þeir geti svarað spurningum eða haft samband við þig um verðlaun sem þú hefur hlotið eða önnur vandamál sem tengjast kynningunni.
- **Greining á notkun og endurbætur á SMG Services.** Við notum persónuupplýsingar sem safnað er úr kökum eða öðrum gagnasöfnunarverkfærum fyrir notkunartölfræði, svikagreiningu og frammistöðubætur fyrir SMG Services. Við kunnum að nota greiningaþjónustu þriðja aðila til að greina hvernig einstaklingar nota SMG Services, þar á meðal til að skrá músasmelli, músahreyfingar, skrunvirkni og texta sem þú slærð inn í frjálsa textareiti. Við notum þær upplýsingar sem safnað er úr þessari þjónustu þriðja aðila til að öðlast betri skilning á hvernig notendur okkar finna og nota SMG Services, til að bæta þjónustuna okkar og bæta upplifun notenda okkar.
- **Samnýting gagna með öðrum þjónustuveitendum.** Við kunnum að deila upplýsingum þínum, þar á meðal persónuupplýsingum þínum, með öðrum þjónustuveitendum sem við notum til að framkvæma aðgerðirnar sem þú notar í tengslum við þá, til dæmis við hýsingu, gagnavistun og öryggi. Við kunnum einnig að

deila persónuupplýsingum þínum, eins og þörf krefur, til að reka aðra tengda þjónustu SMG, þau vefsvæði með einkunnagjöf og umsagnir sem við rekum.

- **Samnýting gagna með viðskiptavinum.** Ef þú færð aðgang að SMG Services til að taka könnun varðandi neytendaupplifun þína hjá einum af viðskiptavinum okkar deilum við persónuupplýsingunum sem við söfnum frá þér um og í tengslum við svörun könnunar með þeim viðskiptavini. Við kunnum einnig að nota þessar persónuupplýsingar til að öðlast upplýsingar varðandi markaðsrannsóknir og veita greiningu á neytendahegðun og viðskiptagreind fyrir viðskiptavinum okkar. Kynntu þér persónuverndarstefnu viðkomandi viðskiptavinar ef um er að ræða atriði varðandi hvernig viðskiptavinurinn sem við söfnum persónuupplýsingar þínar fyrir notar, verndar og vinnur úr á annan hátt persónuupplýsingar. Við og viðskiptavinir okkar kunnum einnig að sameina mismunandi tegundir upplýsinga, þar á meðal persónuupplýsingar sem safnað er frá eða um þig af okkur, viðskiptavinum okkar eða þriðja aðila. SMG kann að nota sameinuðu upplýsingarnar í því skyni sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu og viðskiptavinir okkar geta notað sameinuðu upplýsingarnar í því skyni sem lýst er í persónuverndarstefnum þeirra.
- **Fylgni við lagalegar skyldur og framkvæmd lagalegra réttinda.** Við kunnum einnig að deila upplýsingunum sem safnað er frá þér, eins og þörf krefur, til að framfylgja rétti okkar, vernda eign okkar eða vernda réttindi þín, eign eða öryggi annarra, eða eins og þörf krefur til að styðja við ytri endurskoðun, reglufylgni og stjórnarhætti fyrirtækja. Við munum birta persónuupplýsingar, eins og við álitum vera nauðsynlegt, til að bregðast við stefnu, vegna bindandi fyrirskipunar gagnaverndaryfirvalda eða dómara, lagalegs ferlis, beiðni yfirvalda eða annarra lagalegrar eða eftirlitsskuldbindingar. Þetta getur verið aðili sem er utan búsetuland þitt. Við kunnum einnig að deila persónuupplýsingum þínum eins og þörf krefur til að sækjast eftir tiltækum úrræðum eða draga úr því tjóni sem við getum orðið fyrir.
- **Flutningur gagna í tengslum við breytingar fyrirtækja.** Við kunnum að flytja upplýsingar um þig, þar á meðal persónuupplýsingar, í tengslum við raunverulega eða fyrirhugaða endurskipulagningu, samruna, sölu, samrekstur, verkefni, flutning, kaup eða aðra breytingu á eignarhaldi eða stjórnun af SMG eða hlutdeildarfélagi (hvort sem er að fullu eða hluta), þar á meðal, án takmarkanna, í tengslum við gjaldprot eða álika athæfi. Sá aðili sem við flytjum persónuupplýsingar til verður að veita þér fyrirvara á markmiði úrvinnslunnar sem fer ekki saman við markmiðið sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu, sem og það persónuverndarverklag sem kann að vera ólíkt því verklagi sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu. Slíkur aðili þarf að fá samþykki þitt ef nauðsyn krefur lögum samkvæmt.
- **Notkun persónuupplýsinga í öðru viðskiptaskyni.** Við notum einnig persónuupplýsingar þínar í öðru lögmætu viðskiptaskyni, til dæmis við vöru- og þjónustubrún og umsjón með SMG Services.

## 6. VARÐVEISLA OG FÖRGUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

Við varðveitum persónuupplýsingar þínar eigi lengur en nauðsyn krefur samkvæmt því markmiði sem upprunaleg söfnun var ætluð. Þegar ekki er lengur þörf á slíkum upplýsingum í því skyni sem þær voru upprunalega safnaðar fyrir munum við á öruggan hátt eyða öllum rafrænum persónuupplýsingum þínum og tæta allar útprentaðar persónuupplýsingar, að því undanskildu sem þörf er á varðandi lagalegar skyldur okkar.

## 7. RÉTTUR ÞINN OG VAL VARÐANDI VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Þú getur hætt þátttöku í könnunum hvenær sem er með því að nota ekki lengur SMG Services.

Ef þú býrð á stað þar sem lög eða reglugerðir veita þér rétt til að óska eftir ákveðnum aðgerðum í tengslum við persónuupplýsingar þínar munt þú njóta ákveðinna réttinda sem veitt eru í slíkum lögum eða reglugerðum, slíkt kann að fela í sér rétt til að óska eftir aðgangi og leiðréttingu (*t.d.*, breyting eða viðbót) eða eyðingu persónuupplýsinga þinna, rétt til að flytja upplýsingarnar þínar (*b.e.*, flytjanleiki gagna), takmarkanir á vinnslu persónuupplýsinga þinna sem og réttinn á að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna, réttinn á að afturkalla samþykki þitt, réttinn á að afturkalla reikninginn þinn og réttinn til að leggja fram kvörtun til eftirlitsyfirvalda. Allar slíkar beiðnir verða meðhöndlaðar í samræmi við breytur sem lýst er í gildandi lögum og reglugerðum.

Ef þú býrð í Evrópusambandinu hefur þú rétt, samkvæmt almennu gagnaverndunarreglugerðinni, að óska eftir aðgangi eða leiðréttingu frá SMG eða eyðingu á persónuupplýsingum þínum, stöðva flytjanleika gagna, takmarka vinnslu persónuupplýsinga þinna, rétt á að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna, rétt á að afturkalla samþykki þitt og rétt á að leggja fram kvörtun til eftirlitsyfirvalda. Ef þú býrð fyrir utan Evrópusambandið kanntu einnig að njóta ákveðinna gagnaréttinda samkvæmt landslögum.

Ef þú vilt leggja fram beiðni þá skaltu hafa samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com) eða skrifleiðis á heimilisfangið Data Protection Officer, Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108.

## **8. AFLEIÐINGAR ÞESS AÐ VEITA EKKI PERSÓNUUPPLÝSINGAR**

Þó að þátttaka í könnunum okkar sé sjálfviljug kanntu ekki að eiga rétt á ákveðnum hvata, umbunum eða fríðindum ef þú veitir ekki allar þær upplýsingar sem óskað er eftir í könnun.

## **9. STEFNA UM KÖKUR**

### **9.1. Hvað eru kökur**

SMG og þjónustuveitendur okkar nota litlar textaskrár sem kallast kökur. „**Kökur**“ eru litlar tölvuskrár sem eru sendar til eða opnaðar í vafranum þínum eða á hörðum disk tölvunnar þinnar, fartækis eða spjaldtölvu. Þær innihalda upplýsingar um tölvuna þína, til dæmis notandaauðkenni, notandastillingar, vefferil og virkni framkvæmdum við notkun þjónustunnar. Kaka inniheldur yfirleitt lénsheiti (netstað) þaðan sem kakan á uppruna sinn, „líftíma“ kökunnar (þ.e. hvenær hún rennur út) og einkvæmt númer eða kennimerki sem er búið til á handahófskenndan hátt. Kökur kunna að vera tengdar persónuupplýsingum.

### **9.2. Hvernig við notum kökur og gagnasöfnunarverkfæri**

Kökur hjálpa okkur að bæta SMG Services með því að fylgjast með flettingavenjum þínum og sérsníða upplifun þína í SMG Services. Þetta gerir okkur kleift að greina tæknilegar og flettingaupplýsingar um SMG Services og hjálpar okkur að greina og hindra svik.

Við notum einnig kökur og önnur gagnasöfnunarverkfæri (til dæmis vefvita og kladda þjóna), sem við sameiginlega köllum „**gagnasöfnunarverkfæri**“ til að hjálpa okkur að bæta upplifun þína með SMG Services – til dæmis með því að muna eftir þér þegar þú kemur aftur inn á síðuna okkar og gera efnið sem þú sérð meira viðeigandi fyrir þig.

SMG Services kann einnig að nota gagnasöfnunarverkfæri til að safna upplýsingum úr tækinu sem þú notar til að fá aðgang að SMG Services, til dæmis tegund stýrikerfis þíns, vafrategund, léni og öðrum kerfisstillingum sem og tungumálinu sem kerfið þitt notar og það land og tímabelti sem tækið þitt er staðsett í.

### 9.3. Stjórn þín á kökum

Vafrar heimila ákveðna stjórn á flestum kökum í vafrastillingunum. Sumir vafrar (þar á meðal vafrar fartækja) veita stillingar sem gera þér kleift að hafna kökum eða láta þig vita þegar köku er komið fyrir í tölvunni þinni, spjaldtölvu eða fartæki. Þú getur hafnað kennimerkjum fartækis með því að virkja viðeigandi stillingu í fartækinu þínu. Þó að þú þurfir ekki að samþykka kökur SMG eða kennimerki fartækja kanntu ekki að hafa aðgang að öllum eiginleikum SMG Services ef þú stöðvar þau eða hafnar þeim. Ef þú býrð einnig innan lögsögu sem gerir kröfu um að við fáum samþykki frá þér um notkun á kökum á vefsvæðum okkar og/eða forritum færð þú tækifæri til að stjórna kjörstillingum þínum fyrir kökur á þessum vefsvæðum og/eða forritum. Undanskildar eru ákveðnar kökur sem nauðsynlegar eru fyrir kjarnavirkni slíkra vefsvæða og forrita og þú getur ekki valið að afvirkja slíkar kökur.

### 10. UMSJÓN MEÐ REIKNINGSUPPLÝSINGUM ÞÍNUM

Þú getur farið inn á reikningshluta viðeigandi SMG Services til að stjórna og leiðrétta staðreyndavillur í upplýsingunum sem við eigum um þig. Ef þú hefur spurningar um hvernig þú færð aðgang að persónuupplýsingum þínum eða leiðréttir þær þá skaltu hafa samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com) eða skrifleiðis á heimilisfangið Data Protection Officer, Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108.

### 11. PERSÓNUVERND BARNNA

SMG Services er ætluð fyrir almenning og er ekki beint að börnum sem ekki hafa náð aldri til að veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga sinna í þeim lögsögum sem við stundum rekstur í. Við söfnum ekki vísitandi persónuupplýsingum frá slíkum einstaklingum. Ef þú verður þess áskynja að barn sem hefur ekki náð þeim aldri til að lagalega veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga sinna og hefur veitt okkur persónuupplýsingar án samþykkis forráðamanns, skaltu hafa samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com) eða skrifleiðis á heimilisfangið Data Protection Officer, Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108. Ef þú verður þess áskynja að barn sem hefur ekki náð þeim aldri til að lagalega veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga í lögsögu sinni, og hefur veitt okkur persónuupplýsingar án samþykkis forráðamanns, þá munum við grípa til viðeigandi ráðstafana til að fjarlægja slíkar upplýsingar og segja reikningi barnsins upp um leið og auðið er.

### 12. TENGLAR FYRIR ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA

SMG Services kann að innihalda tengla á vefsvæði þriðja aðila og þjónustu („þjónusta þriðja aðila“) sem SMG hefur enga tengingu við. Tengill í þjónustu þriðja aðila þýðir ekki að við styðjum hana eða gæði eða nákvæmni þeirra upplýsinga sem þar er að finna. Ef þú ákveður að heimsækja þjónustu þriðja aðila þú lýtur þú persónuverndarverklagi viðkomandi og ekki því persónuverndarverklagi sem lýst er í þessari persónuverndarstefnu.

### 13. UPPLÝSINGAÖRYGGI

SMG býr yfir öryggishugbúnaði sem innleiðir tæknilegar, efnislegar og skipulagslegar ráðstafanir sem ætlað er að aðstoða við að viðhalda öryggi og trúnaði persónuupplýsinga, veitir vernd gegn fyrirséðum ógnum gegn trúnaði, heilleika og tiltækileika persónuupplýsinga og verndar persónuupplýsingar þínar gegn tjóni, misnotkun, óheimilaðri breytingu eða eyðingu og óheimiluðum aðgangi eða birtingu.

Þegar unnið er úr persónuupplýsingum er hætt á að slíkar upplýsingar tapist, verði misnotaðar, breytt, ógnað og/eða aðgangur fæst að þeim á annan hátt af óheimiluðum þriðja

aðila. Ekkert kerfi eða netflutningur gagna er að fullu öruggur. Til viðbótar við þær tæknilegu, efnislegu og skipulagslegu ráðstafanir sem SMG býr yfir til að vernda persónuupplýsingar þínar ættir þú að notfæra þér viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda upplýsingarnar. Ef þú telur að þinn SMG reikningur eða upplýsingar sem þú veittir okkur séu ekki lengur öruggar þá skaltu láta gagnaverndarfulltrúa okkar vita samstundis á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com) eða með því að hringja í númerið 1-800-764-0439 og óska eftir að fá að ræða við Data Protection Officer hjá SMG.

#### **14. LANDFRÆÐILEG ÍHUGUNAREFNI OG FLUTNINGUR PERSÓNUUPPLÝSINGA YFIR LANDAMÆRI**

SMG stjórnar og rekur SMG Services frá Bandaríkjunum. SMG kann að flytja, geyma og vinna úr persónuupplýsingum þínum í Bandaríkjunum, Bretlandi, Japan eða á öðrum stað í Asíu eða Evrópusambandinu. Hafðu í huga að gagnaverndar- og persónuverndarlög í því landi sem persónuupplýsingar þínar eru fluttar til kunna ekki að vera eins yfirgripsmikil og lög in í þínu landi. Til dæmis kunna persónuupplýsingar sem fluttar eru til Bandaríkjanna að vera háð lögumætum aðgangsbæðnum alríkis- og ríkisyfirvalda Bandaríkjanna.

Allur flutningur á persónuupplýsingum frá Evrópska efnahagssvæðinu („EES“) til Bandaríkjanna er framkvæmdur í samræmi við samkomulag Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins. SMG er þátttökuaðili að og fylgir samkomulagi Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins varðandi söfnun, notkun, samnýtingu og varðveislu persónuupplýsinga frá EES, eins og lýst er í vottun samkomulags Evrópusambandsins og Bandaríkjanna til varnar friðhelgi einkalífsins. Skoðuðu lista samkomulags til varnar friðhelgi einkalífsins [hér](#). Fáðu frekari upplýsingar um samkomulag til varnar friðhelgi einkalífsins [hér](#). SMG lýtur eftirliti Alríkisviðskiptastofnunar Bandaríkjanna og ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga á þann hátt sem er ekki í samræmi við samkomulag til varnar friðhelgi einkalífsins hjá þriðja aðila sem SMG hefur flutt persónuupplýsingar til nema SMG sanni að það sé á engan hátt ábyrgt fyrir því atviki sem orsakar tjónið. Allur slíkur flutningur á persónuupplýsingum út fyrir EES skal vera í samræmi við þessa persónuverndarstefnu og gildandi lög. Ef þú hefur einhverja kvörtun að leggja fram varðandi fylgni okkar við samkomulag um friðhelgi einkalífsins þá skaltu hafa samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com) eða skrifleiðis á heimilisfangið Data Protection Officer, Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108. Þú getur einnig lagt fram kvörtun þína, án endurgjalds, til okkar útvalda, óháða úrlausnaraðila, American Arbitration Association, og í ákveðnum kringumstæðum virkjað gerðardómsferli samkomulags um friðhelgi einkalífsins.

Þessi persónuverndarstefna á ensku er opinber yfirlýsing á persónuverndarverklagi SMG varðandi SMG Services. Ef ósamræmi er fyrir hendi á milli ensku persónuverndarstefnuna og þýðingu á annað tungumál skal skjalið á ensku alltaf ráða.

Þú getur einnig sent kvörtun án endurgjalds til valda sjálfstæða deiluaðgerðarstofu okkar, American Arbitration Association (<http://go.adr.org/privacyshield.html>) og samkvæmt sérstökum kringumstæðum beita Privacy Shield gerðardómsferlinu.

#### **15. HVERNIG HAFI MÁ SAMBAND**

Ef þú hefur einhverjar spurningar um persónuvernd þína, þarf aðstoð við að fá aðgang eða uppfæra persónuupplýsingar þínar eða ert með kvörtun varðandi vinnslu persónuupplýsinga þinna þá skaltu hafa samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com).

Þú getur einnig skrifað okkur á eftirfarandi pósthfang:



Service Management Group, LLC  
Attn: Data Protection Officer  
1737 McGee Street  
Kansas City, MO 64108

Service Management Group, Ltd.  
Attn: Data Protection Officer  
38-40 The Maltings  
St Albans  
Hertfordshire AL1 3HL  
UNITED KINGDOM

Service Management Group G.K.  
Attn: Data Protection Officer  
2-7-16 No. 3 Komoriya Building 9F  
Hamamatsu-cho, Minato-ku  
Tokyo 1050013, Japan

## **16. GAGNASTJÓRI OG GAGNAVERNDARFULLTRÚI**

Persónuupplýsingum sem safnað er af SMG eru í umsjón Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108. Þú getur haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar á netfangið [privacyofficer@smg.com](mailto:privacyofficer@smg.com) eða skrifleiðis á heimilisfangið Data Protection Officer, Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108.